

Fundargerð

16. fundur

Fundur í hafnarnefnd Langaneshafnar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar föstudaginn 12. mars 2010.

Mættir eru : Jóhann Ægir Halldórsson, Friðrik Jónsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Steinn Karlsson hafnarvörður og Gunnólfur Lárusson hafnastjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

Dagskrá.

1. Beiðni frá Ísfélagi Vestmannaeyja dags 2. mars

Í bréfi frá Ísfélaginu er óskað eftir því að taka yfir farmvernd fyrir farma á vegum félagsins.

Hafnarnefndin samþykkir beiðnina um að Ísfélagið sái um farmvernd í samvinnu við Tollstjóraembættið.

Samþykkt samhljóða.

2. Samningur við Björgunarsveitina Hafliða.

Fyrir fundinum liggja drög að samningi vegna flutnings á hafnsögumanni auk móttöku landfesta. Hafnarnefndin fór yfir drög af samningi frá BH en gerði athugasemdir við grein 3 gr., fellir út grein 5, 7 og breytir dagsetningu í gr. 8.

Samningur um flutning á hafnsögumanni og þjónustu við móttöku skipa á Þórshöfn milli:

a) Langanesbyggðar, kt: 420369-1749, f.h. Langaneshafna

og

b) Björgunarsveitarinnar Hafliða, kt: 411281-0359

1. Björgunarsveitin Hafliði sér um að flytja hafnsögumann þegar hafnarvörður þess óskar auk þess að annast móttöku landfesta. Til flutninganna skal notaður bátur Hafliða.
2. Björgunarsveitin skal tilnefna umsjónarmann með flutningunum og annan til vara, sem tilkynntur skal hafnarverði til að tryggja hnökralaus boðskipti þegar að flytja þarf hafnsögumann.

3. Greiðslur fyrir flutninginn skulu vera samkvæmt gjaldskrá hafnarinnar eins og hún er hverju sinni, það er flutningur hafnsögumanns að viðbættu festargjaldi nú samtals kr. 21.390.
4. Sé bátur sveitarinnar kallaður út eða beðinn að vera í viðbragðsstöðu, en ekki kemur til flutnings á hafnsögumanni skal greiða 50% gjaldsins skv. 3.gr.
5. Greiðslur vegna samnings þessa skulu færður sem styrkur til Hafliða.
6. Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2010 og er uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara.

Þórshöfn, 12. mars 2010

Samþykkt samhljóða

3. Drög að vegi.

Farið var yfir drög af vegi sem Teikn á lofti gerði 14. ágúst 2009, er sá vegur austanmegin við Eyrina.

Lagt fram til kynningar

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl 13:00.